

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 15. maí til og með 15. ágúst með strandlengju Eyjafjarðar beggja vegna fjarðarins og við Hrísey á svæði, sem takmarkast af Ytri-Vík að vestan um norðurodda Hríseyjar í Sker að austan. Utan þessa tíma skulu netaveiðar framkvæmdar í samræmi við reglur nr. 261/1996 um netaveiði göngusilungs í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað auglýsingar nr. 283/1979 um sama efni.

Reykjavík, 29. apríl 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

1. gr.

Samgönguráðherra kemur í stað dómsmálaráðherra í 1. gr. og 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist í stafrófsröð: Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar og samgönguráðuneytið.

3. gr.

Umferðarstofa kemur í stað Skráningarstofan hf. í 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 21. apríl 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.